

ur sýna. Áfengið hefir kærður selt mest heima hjá sér hinum og þessum, sem um það hafa beðið.

Með sölu þessari hefur kærður gerzt brotlegur gegn 15. gr. sbr. 33. gr. 1. og 2. mgr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga og 2000 króna sekt til menningarsjóðs, er afplánist með 65 daga einföldu fangelsi, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Rekstur málsins hefir verið vitalaus.

Dvi dæmist rétt vera:

Kærður, Gísli Jóhannes Jónsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga og greiði 2000 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 65 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. janúar 1938.

Nr. 77/1937. **Guðrún Arnalds** (Lárus Jóhannesson)
gegn

Vigfúsi Þ. Jónssyni (Pétur Magnússon).

Fjárnám í fasteign samkvæmt veðskuldabréfi.

Varadómari prófessor Bjarni Benediktsson
í forföllum hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi krefst ómerkingar á hinum áfrýjaða úrskurði, og að fógétinn verði skyldaður til þess að framkvæma hina umbeðnu aðför. Svo krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dóms-

ins. Stefndi krefst staðfestingar á úrskurðinum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi viðurkennir í flutningi málsins fyrir hæstarétti, að honum hafi borið að greiða á gjalddaga 1. apríl 1936 samtals kr. 1934.64 af skuldabréfskröfu þeirri, er í málinu greinir, til þess að skuldaskipti aðilja kæmust í fullt lag. Þann 15. maí 1936 greiddi stefndi kr. 500.00 af þeirri upphæð og 28. júní s. á. greiddi hann aðrar kr. 500.00. Nokkru síðar, að því er virðist, fól áfrýjandi Lárusi Jóhannessyni hæstaréttarmálflutningsmanni skuldina til innheimtu, og 11. júlí 1936 krafði Lárus stefnda um alla skuldina, ásamt vöxtum, er hann taldi fallna í gjalddaga vegna vanskila. Þann 20. s. m. greiddi stefndi enn kr. 500.00, svo að þá stóðu enn eftir kr. 434.64 af greiðslu þeirri, sem inna átti af hendi þann 1. apríl 1936.

Það er að vísu ekki sannað gegn mótmælum stefnda, að greiðslunum 15. maí, 28. júní og 20. júlí 1936 hafi verið veitt móttaka með fyrirvara um það, að áfrýjandi ætlaði sér þrátt fyrir þær að krefja stefnda um alla skuldina, eins og hún var þá, samkvæmt kröfubréfi Lárusar frá 11. júlí 1936. En samt sem áður verður ekki talið, að stefndi hafi með greiðslum þessum, hvorki einni þeirra sér né öllum saman, leyst sig undan þeirri skyldu, sem á hann var fallin vegna vanskila, til greiðslu allra eftirstöðva skuldarinnar, þegar af því, að hann hafði ekki með áðurnefndum greiðslum greitt allt það, er hann hefir viðurkennt sér hafa borið að greiða á gjalddaganum 1. apríl 1936 til þess að hann stæði fyllilega í skilum. Var áfrýjanda því rétt að krefjast aðfarar í veðinu þann 13. ágúst 1936 vegna allra eftirstöðva skuldarinnar, ásamt áföllnum vöxtum. Og þar sem stefndi gerði ekki fullnaðarskil fyrir fúgetarétti, bar

fógeta að framkvæma aðförina. Verður því að fella hinn áfrýjaða fógetaréttarúrskurð úr gildi og leggja fyrir fógeta að framkvæma fjárnámið til tryggingar eftirstöðvum skuldarinnar öllum, ásamt vöxtum.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma stefnda til þess að greiða áfrýjanda 500 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður er úr gildi felldur, og ber fógeta að framkvæma hina umbeðnu fjárnámssgerð.

Stefndi, Vigfús P. Jónsson, greiði áfrýjanda, Guðrúnu Arnalds, 500 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Akureyrar 12. júlí 1937.

Með bréfi dags. 13. ágúst 1936 biður Lárus Jóhannesson hæstaréttarmálaflutningsmaður vegna Guðrúnar Arnalds Reykjavík um, að fjárnám sé gert hjá Vigfúsi Jónssyni málara á Akureyri í húsi hans þar, Hafnarstræti 103, vegna vanskila á greiðslum, er hann ætti að inna af hendi. Vigfús Jónsson gaf skuldabréf út 10. október 1929 til dánarþús Jóns Laxdal, konsúls í Reykjavík, fyrir kr. 24618.00, og var skuldin orðin til vegna kaupa á framangreindri húseign. Skyldi höfuðstóll skuldarinnar afborgast með kr. 2461.80 næstu 10 ár, þannig að kr. 1230.90 skyldu greiðast 1. apríl og kr. 1230.90. 1. október ár hvert. Fyrsta afborgun átti að fara fram 1. apríl 1930. Vexti af skuldinni átti gerðarþoli að greiða með 6% á ári, talið frá 1. október 1929. Skyldu vextirnir greiddir hálfárlega eftir á á sömu gjalddögum og afborganirnar. Húsið var veðsett fyrir kröfunni með tilheyrandi lóð og mannvirkjum með 2. veðrétti. Í skuldabréfinu var tekið fram, að ef vanskil yrðu með greiðslu skuldarinnar eða vaxta, mætti skuldareigandi ganga að eigninni og selja hana til lúkningar skuldinni með vöxt-

um og kostnaði samkv. fyrirmælum 15. gr. laga nr. 29 frá 1885, sbr. lög nr. 19 frá 1887 3. gr. og tilskipun 18. febr. 1847 10. gr. Skuldabréfið var þann 9. júní við skipti á dánarbúi Jóns Laxdal úthlutað Guðrúnu Arnalds til eignar, ásamt áföllnum vöxtum, sbr. áritun á skuldabréfið. Eftirstöðvar skuldarinnar telur fjárnámsbeiðandi, að hafi verið 20. júlí 1936 kr. 9629.50, og beiðist hann fjárnáms í húsinu fyrir þessari upphæð, auk vaxta og innheimtukostnaðar og alls kostnaðar við fjárnám og uppboðssölu. 24. ágúst 1936 var gerðarpóla, sem bjó í hinni veðsettu eign, birt fjárnámið með þriggja daga fyrirvara.

Fyrsta réttarhald í málinu var 29. s. m., og bar gerðarpóli þá fram mótmæli gegn því, að fjárnámið yrði framkvæmt, og hófst þá sókn og vörn í málinu fyrir fógetaréttinum.

Ákveðið var réttarhald í málinu 13. okt. f. á., en þá mætti umboðsmaður gerðarbeiðanda ekki í réttinum, en í því réttarhaldi lét gerðarpóli bóka, að hann liti svo á, að gerðin væri fallin niður. Umbjóðandi gerðarbeiðanda sendi því næst fógetanum bréf dags. 15. okt. f. á., þar sem hann beiddist þess, að fjárnámsgerðinni væri haldið áfram, og var gerðarpóla tilkynnt að mæta í réttinum með 3ja daga fyrirvara. 20. okt. var svo réttarhald í málinu. Jón Sveinsson málaflutningsmaður gerðarpóla krafðist þá, að gerðin næði ekki fram að ganga, þar sem eigi væri hægt að halda áfram gamla fjárnáminu, en beiðni um nýtt fjárnám lægi ekki fyrir. Fógetinn kvað þá upp úrskurð í málinu 24. okt. og neitaði um framgang gerðarinnar. Hæstiréttur felldi þennan úrskurð úr gildi. Í forsendum hæstaréttar er því hinsvegar slegið föstu, að hér sé um nýja fjárnámsgerð að ræða. Virðist því, þegar um það á að úrskurða, hvort vanskil séu fyrir hendi af hálfu gerðarpóla, sem réttlæti fjárnámið, sjálfsgagt að leggja til grundvallar gjalddagann næst á undan 15. okt. 1936, er hin nýja fjárnámsbeiðni kom fram, og athuga skuldaviðskipti milli gerðarbeiðanda og gerðarpóla miðað við þann dag. Á réttarskjali 4 hefir gerðarbeiðandi lagt fram reikning yfir viðskiptin frá byrjun, en samkvæmt þeim reikningi er skuldin 20. júlí 1936 kr. 9629.50 aur. Þessum reikningi hefir nú verið mótmælt, en ekki þó bent á sérstaka reikningsskekkju í honum. Hinsvegar hefur því verið haldið fram af gerðarbeiðanda, að upphæðir þær, sem

greiddar hafa verið inn á skuldabréfið, hafi ekki alltaf verið færðar inn á það jafnóðum og greiðslurnar hafa komið til skuldareiganda, en þessu hefir verið mótmælt.

Á skuldabréfinu eru eftirstöðvar skuldarinnar áritaðar á skuldabréfið af skuldareiganda 13. nóv. 1934 kr. 16997.14, en samkvæmt útreikningi á réttarskjali 4 virðast eftirstöðvar skuldarinnar þá taldar kr. 17313.42. Mismunurinn kr. 316.28. Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefir ekki sérstaklega sýnt fram á, af hverju umbjóðandi hans hefir gert skuldabréfið þannig upp. En þrátt fyrir það þó skuldareigandi kynni að geta krafist um þennan mismun, en það er ekki fúgetaréttarins að úrskurða um það, þá getur rétturinn ekki fallizt á, að þessi mismunur geti orðið þess valdandi, að um vanskil sé að ræða, sem réttlætir fjárnám í eigninni, þar sem í áritununum gæti falizt, að skuldareigandi t. d. hefði viljað sleppa vaxtavöxtum af skuldinni eða sýna gerðarþola linkind, enda bera fyrri viðskipti gerðarbeiðanda og gerðarþola þess vott, að gerðarbeiðandi hefir verið mjög vægur í kröfum við gerðarþola. Þannig leyfði hann honum 1934—1935, þegar um vanskil var að ræða, að taka veðdeildarlán út á húsið, og var honum, að því er virðist, hjálplegur með það. Niðurstaðan af þeirri lántöku varð, að greiddar voru inn á veðskuldabréfið kr. 7683.60 16/11 1935. Á bréfinu sést eigi, hvort upphæð þessa eigi að færa aðeins til greiðslu afborgana eða til greiðslu afborgana og vaxta.

Gerðarþoli hefir haldið því fram, að Sigurður Arnalds, maður gerðarbeiðanda, hafi lofað að greiða kr 75.00 fyrir veðdeildarbréfin, og segist eiga inni hjá honum kr. 757.54 vegna sölunnar og telur líklegt, að hann hafi ætlað að láta þessa upphæð fara til vaxtagreiðslu. En þessu er mótmælt, enda því haldið fram, að Sigurður Arnalds hafi aðeins lofað kr. 75.00 fyrir bréfin með vöxtum. Þá hefir gerðarþoli og haldið því fram, að Sigurður Arnalds hafi átt að taka af andvirði bréfanna, sem hann hafi farið með sem umboðsmaður gerðarþola, upphæð, sem nægði til að koma skuldabréfinu í rétt horf, en þessu er mótmælt og haldið fram, að gerðarþoli hafi haft annan umboðsmann, enda vottorð frá honum, sem bendir í þá átt. Virðist gerðarþoli á engan hátt hafa sannað, að greindar kr. 757.54 hafi staðið inni hjá Sigurði Arnalds og átt að fara til vaxtagreiðslu á skulda-

bréfinu. Á réttarskjali 7 hefir gerðarþoli reiknað út, hvernig að skiptin standi 20/7, en þá er gengið út frá, að eftirstöðvar skuldarinnar hafi 13/11 verið kr. 16997.14. Samkvæmt þessum útreikningi er skuldin þá að eftirstöðvum 9091.78, en gerðarþoli telur, að skuldin samkvæmt skulda- bréfinu hafi átt að vera kr. 8616.30, og hefir hann í réttinum boðið fram kr. 500.00, sem gerðarbeiðandi að visu ekki hefir veitt móttöku. Þá ber að athuga, að upphæðir, sem greiddar eru undir 15. maí 1936 og 28. júní 1936 og 20. júlí 1936 áttu að vera greiddar 1. apríl 1936 til þess að greiðslan stæði þá heima. Af þessum upphæðum ber því að reikna vexti, og nema þeir um kr. 20.50 aur., en svo virðist sem hin framboðna upphæð mundi einnig nægja fyrir þeim vöxtum.

Réttarskjal 8 a sýnir, að gerðarþoli deponeraði kr. 1500.00 á nafn frú Guðrúnar Arnalds, Reykjavík, og er bankinn beðinn að greiða inn á skuldabréfið kr. 1230.90 í afborgun og eftirstöðvar í vexti. Í skeyti bankans stendur eigi, í hvaða afborgun þetta eigi að fara, en á rískj. 3 segir, að upphæðin eigi að fara til að greiða vexti og afborgun pr. 1. oktbr. 1936, en þau ummæli benda til, að átt sé við afborgun og vexti fyrir tímabilið 1. apríl 1936 til 1. oktbr. 1936, en á réttarskjali 9, nótu frá Landsbankanum, hefir gerðarþoli ritað aftan á nóturna, að greiðslan sé fyrir tímabilið 1. okt. 1936 til 1. apríl 1937, en þetta virðist byggt á misskilningi, sbr. og ummæli á réttarskj. 3, sem talar um vexti og afborgun pr. 1. okt. 1936, en samkvæmt skulda- bréfinu átti greiðslan einmitt að vera fyrir tímabilið 1. apríl til 1. október 1936. 1. oktbr. 1936 er seinasti gjaldhagi á undan lögtaksbeiðninni 15. oktbr. f. á., en þá ætti samkvæmt skuldabréfinu að hafa verið búið að greiða 7 ára afborganir, eða kr. 17232.60. Eftir átti því að standa af skuldabréfinu kr. 7383.40. Þegar tekið er nú tillit til eftirstöðva þessara, sem skuldareigandi segir, að standi eftir af bréfinu 13. nóv. 1934, og til hinna framboðna kr. 500.00 og til þess fjár, sem sent var bankanum til greiðslu inn á skuldabréfið, þá horfir málið þannig:

Eftirstöðvar skuldabréfsins 13. nóv. 1934 .. kr. 16997.14
Innborgað samkvæmt réttarskj.

7, afborgun kr. 7905.30

Framboðið frá Landsb., afborgun	kr. 1230.90	
Framboðin	— 500.00	
		kr. 9636.20
	Mismunur	kr. 7360.94

Vextir frá 1. apríl til 1. oktbr. 1936 virðast einnig greiddir, sbr. deposita frá Landsbankanum, ef gerðarbeiðandi hefði veitt því móttöku.

Samkvæmt framanrituðu virðist ekki sé, að gerðarþoli hafi gert sig sekan í vanskilum, sem réttlæti, að fjárnámið fari fram, og ber því ekki að láta það fara fram. Krafa gerðarþola um kr. 500.00 í fyrirhafnarkostnað verður ekki tekin til greina, enda ósundurliðað. Krafa sama um 450 kr. í málskostnað ber að visa frá réttinum, þar sem rétturinn getur ekki úrskurðað um slíka kröfu.

Fógetinn lætur þess getið, að sakir stöðugs annrakis í embættinu, þingaferðir, fyrirhafnir við kosningar, margvisleg próf, sem haldin hafa verið, hefir dráttur orðið á uppkvaðningu þessa úrskurðar.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna fjárnám á ekki að fara fram. Krafan um 450 kr. í málskostnað vísast frá réttinum.

Föstudaginn 14. janúar 1938.

Nr. 87/1937. **Réttvísin** (Theódór B. Lindal)
gegn

Gísla Stefánssyni (Sveinbjörn Jónsson).

Skírlífisbrot.

Varadómari prófessor **Bjarni Benediktsson**
í forföllum hrd. **Gizurar Bergsteinssonar**.

Dómur hæstaréttar.

Með skýrslum telpna þeirra, sem í hinum áfrýjaða dómi eru nefndar A, B og C, um hvað þeim og